

E 11/2021

Fyrirspyrjandi: Flokkahópur miðjumanna
Til: Ríkisstjórn á Norðurlöndum

Til Ríkisstjórn á Norðurlöndum

Skrifleg fyrirspurn um samnorræna greiningu á áhættum og ógnum

Norrænu löndin birta reglulega greiningar sínar á áhættum og ógnum sem þau geta staðið frammi fyrir og áhrif hafa á pólitískar aðgerðir og stefnumörkun. Ákveðinn blæbrigðamunur er á löndunum hvað varðar jafnvægi á milli og áherslu á hernaðarógnir og aðrar ógnir en almennt séð þjóna þessar greiningar sama tilgangi varðandi viðbúnað og heildarvarnir landanna allra.

Norðurlandaráð hefur æ ofan í æ kallað eftir sameiginlegu ástandsmati ríkisstjórnanna á Norðurlöndum sem gæti myndað grunn að sameiginlegum aðgerðum, úrræðum og viðbúnaði þegar alvarleg vá steðjar að samfélögum okkar. Þessari ósk var einnig komið á framfæri í stefnu Norðurlandaráðs um samfélagsöryggi sem var samþykkt haustið 2019.

Flokkahópur miðjumanna beinir nú eftirfarandi spurningum til ríkisstjórnanna á Norðurlöndum:

- Telja ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum að sameiginlegt ástandsmat sé mikilvægt þegar samnorræn viðbrögð vegna hættuástands eru höfð í huga?
- Eru til áætlanir um samstarf um ástandsmat norrænu landanna, til dæmis í formi sameiginlegra greininga á áhættum og ógnum?



Fjarfundir, 12. apríl 2021

Anders Eriksson (ÅF)

Anna Kolbrún Árnadóttir (Mifl)

Arman Teimouri (L)

Bertel Haarder (V)

Edmund Joensen (sb)

Erling Bonnesen (V)

Heidi Greni (Sp)

Inga Sæland (Flf)

Janine Alm Ericson (MP)

Jaspur Langgaard (sb)

Joakim Strand (sv)

Jouni Ovaska (cent)

Ketil Kjenseth (V)

Kjell-Arne Ottosson (KD)

Linda Modig (C)

Magnus Ek (C)

Mikko Kinnunen (cent)

Mikko Kärnä (cent)

Ole André Myhrvold (Sp)

Outi Alanko-Kahiluoto (grænum)

Simon Holmström (HI)

Torhild Bransdal (KrF)